

## Upptökuhalli minnkar töluvert – innleiðingarhalli svipaður

Hinn 1. nóvember voru 408 gerðir sem bíða upptöku í EES-samninginn, eða 30% færri en í apríl sl. Mestu munar þar um að fjöldi gerða sem varða plöntuheilbrigði voru tekna upp í samninginn í september. Fjöldi EES-ákvarðana með stjórnskipulegum fyrirvara hefur verið og er kominn fram yfir 6 mánaða tímafrestinn eru nú fimm, samanborið við níu hinn 1. maí sl. Þegar hægt verður að taka gerðir sem varða eftirlit á fjármála-mörkuðum inn í samninginn, sbr. rammasamkomulag um upptöku gerðanna á fundi fjármálaráðherra EES/EFTA ríkjanna og ESB fyrr í október, mun upptökuhallinn minnka töluvert til viðbótar.

552 gerðir hafa verið tekna upp í samninginn það sem af er ári, og gert ráð fyrir að rétt um 600 gerðir verði tekna inn í samninginn í ár. Aðeins einu sinni áður hafa fleiri gerðir verið tekna upp í samninginn á einu ári.

Enda þótt tekist hafi að vinna á halla á upptöku gerða í EES-samninginn hafa þær þó fyrst og fremst færst til í kerfinu og koma nú til innleiðingar hjá EES/EFTA-ríjunum. Í júlí sl. var Ísland í neðsta sæti EFTA/EES-ríkjanna þegar kemur að því að innleiða gerðir í landsrétt með 3,1% halla í stað 3,2% í febrúar (0,7% hjá Liechtenstein og 1,9% hjá Noregi) skv. síðsta frammistöðumati Eftirlitsstofnunar EFTA. Næsta verður birt í febrúar 2015. Sjá nýjasta: <http://bit.ly/1tT9ZXJ>

## ESB: Ný framkvæmdastjórн tekur til starfa

Ný framkvæmdastjórн ESB, undir forsæti Jean-Claude Juncker, var staðfest af Evróþinginu 22. október 2014 og tók hún við stjórnartaumunum í byrjun mánaðarins.

Nýju framkvæmdastjórnina skipa níu fyrrum forsætisráðherrar eða varaforsætisráðherrar, 19 ráðherrar, sjö sem þegar sátu í framkvæmdastjórн og átta fyrrum þingmenn Evróþingsins. Þá eru 12 með mikla reynslu og þekkingu á sviði efnahagsmála og þegar skipting verkefna er skoðuð sést að mikil áhersla er á efnahagsmál í þessari nýju framkvæmdastjórн. Sjá yfirlit yfir nýju framkvæmdastjóraná hér: <http://bit.ly/10i7L8L>

Það er almennt mat fólks að hópurinn myndi mjög sterka framkvæmdastjórн og til hennar standa miklar væntingar, enda slagorðið „ný byrjun fyrir Evrópu“. Juncker hefur lagt áherslu á að framkvæmdastjórarnir vinni meira saman í störfum sínum, málezni skarist og því grundvallatariði að efla samhæfingu. Þá leggur Juncker áherslu á dreifðari stjórн en í framkvæmdastjórninni verða 7 varafersetar. Engum þarf þó að dyljast, m.a. ef horft er til upplýsinga í tengslum við yfirheyrlur framkvæmdastjóraefnanna í Evróþinginu fyrr í haust, að Juncker heldur sjálfur fast um taumana.

## ...stúfar

# Bergdís Ellertsdóttir nýr sendiherra Íslands gagnvart Evrópusambandinu afhenti trúnaðarbréf sín gagnvart ESB í október.

# Hinn 23. október sl. var Jørn Dohrmann, þingmaður danska þjóðarfloksins, valinn formaður þingmannanefndar Evróþingsins gagnvart EES-löndunum. Varafornemann eru hinar særnsku Anna Hedh (S&D) og Marit Paulsen (ALDE). Sjá aðra í þingmannanefndinni: <http://bit.ly/1tyLBe2>

# Þorsteinn Ingólfsson, sendiherra og fulltrúi Íslands í embættismannanefnd Norðurskautsráðsins flutti erindi á ráðstefnununni Arctic Futures Symposium, í Brussel 14.-15. október sl. Sjá frekar <http://bit.ly/13zbZur>

# Næsti fundur EES-ráðsins verður 19. nóvember nk.

Nokkur uppstokkun hefur orðið á verksviði framkvæmdastjórnanna sem aftur hefur áhrif á uppsetningu og verksvið stjórnarskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar. Unnið er að breytingum og tilfærslu á fólk og hefur það nokkur áhrif á allt starfið í Brussel nú um stundir.

Við yfirheyrlurnar hafa komið fram áherslumál framkvæmdastjórnanna, en þær enduróma mjög stefnuræðu Juncker frá 15. júlí sl., um 1) áherslu á atvinnumál, hagvöxt og fjárfestingu 2) virkari stafrænan innri markað, 3) orku-bandalaug og loftlagsstefnu til framtíðar, 4) að þróa áfram innri markaðinn og efla iðnað, 5) að dýpka efnhags- og myndbandalagið, 6) að gera fríverslunarsamning við Bandaríkin, 7) að stuðla að bandalagi réttlætis og grundvallarréttinda, 8) nýja innflyttjendastefnu, 9) að ESB verði sterkara afl á alþjóðavettvangi, og 10) að ESB verði afluaki lýðræðisumbóta.

Áherslur framkvæmdastjórnarinnar verða nánar útfærðar í 5 ára áætlun forsetans og vinnaáætlun framkvæmdastjórnarinnar sem líta munu dagsins ljós á næstu mánuðum.

Framkvæmdastjórnin fer nú yfir þær lagatillögur sem eru til meðferðar hjá ráðinu og þinginu og mun meta hverjum þeim hún mun fylgja eftir og hverjar hún mun draga til baka í ljósi breyttra áherslna.

## Nýir verkferlar hjá EFTA vegna upptöku gerða í EES-samninginn

Hinn 20. október sl. tóku gildi nýir verkferlar hjá EFTA vegna upptöku gerða í EES-samninginn. Verkferlarnir miða að því að:

- 1) greina fyrr gerðir í lagasetningarferli ESB, sem varða EES-samninginn, þar sem fyrirsjánlegt er að reyna mun á grunndvallaratriði tengd samningnum, svo sem tveggja stoða kerfi hans,
- 2 ) hefja fyrr undirbúning að upptöku gerða í samninginn eftir að þær hafa verið samþykktar á vettvangi ESB, enda þótt vissum formskilyrðum sé ekki lokið af stofnunum ESB, og,
- 3) flýtimeðferð fyrir einfaldari gerðir, m.a. sem ekki kalla á aðlögunar-texta eða lagabreytingar.

Miða breytingarnar að því að auka tíma stjórnvalda í EES-ríkjunum til að vinna með faglegum hætti að upptöku gerðanna og leysa úr vanda-málum sem upp kunna koma, svo upptakan verði tímanleg.

Skrifstofa EFTA hefur útbúið gagnlega handbók með nýju verkferlunum sem er aðgengileg á þessari vefsíðu: <http://bit.ly/13yuuz>

---

## ESB: Nýr framkvæmdastjóri innri markaðarins leggur áherslu á samhæfðari þjónustumarkað

Elzbieta Bienkowska, nýr framkvæmdastjóri innri markaðarins, lýsti forgangsmálum sínum í embætti í yfirheyrslum í Evrópuþinginu í október sl. Lagði Bienkowska m.a. áherslu á betri eftirfylgni vegna innleiðingar þjónustutilskipunarinnar frá 2006, til að tryggja innri markað fyrir þjónustu. Framkvæmdastjórin mun fljótegla leggja fram skýrslu um þær viðskiptahindranir sem enn eru til staðar á innri markaðnum fyrir þjónustuviðskipti og hvernig takast má á við þær, svo sem með aukinni notkum gagnkvæmnisviðurkenningar, einfalda skrifræði við þegar þjónustuveitandi hyggst hasla sér völl í öðru landi og að neytendur geti betur nýtt sér innri markaðsréttindi þegar þeir kaupa þjónustu milli landa. Í þessu sambandi verði þó hugað að félagslegum áhrifum og að frelsið séu ekki misnotað.

---

## ESB: Aukin áhersla á nálægðarregluna og einfaldara regluverk

Nýrri framkvæmdastjórn ESB hefur verið uppálagt að leggja áherslu á einföldun á regluverki sambandsins í öllum sínum tillögum (e. better regulation). Fyrsti varافorseti framkvæmdastjórnarinnar, Hollendingurinn Franz Timmermans, mun gegna sérstöku samræmingarhlutverki á þessu sviði og hafa neitunarvald um nýjar tillögur sem teljast óþarflega íþyngjandi.

Ennfremur hafa forsvarsmenn framkvæmdastjórnarinar lagt áherslu á að nálægðarreglu ESB verði betur fylgt Hefur Juncker forseti framkvæmdastjórnarinnar sagt að til greina komi að fáera ákvörðunarvald aftur til aðildarríkjanna þar sem það hefur sýnt sig að þeim er ekki betur komið fyrir hjá stofnunum sambandsins.

Aðrir gjalda varhug við hugmyndum um einfaldra regluverk og að það kunni m.a. að verða á kostnað heilsu, öryggis, umhverfis, vinnustaðla og neytendaréttar.

## ...stúfar

# Samkomulag náðist við ESB um upptöku gerða um evrópskar eftirlits-stofnanir á fjármálamarkaði, á grundvelli tveggja stoða kerfis EES samningsins, sjá

<http://bit.ly/1w5AVEq>

# Aðildarríki ESB hafa náð stefnumarkandi samkomulagi um loftslagsmál og markmið um minnkun útblásturs fram til 2030 – 40% lækkun miðað við 1990, sjá

<http://bit.ly/1shT4bz>

# Á leiðtogaðsfundi ESB 23.-24. október sl. var samþykkt pólitisk markmið um að raforkunet aðildarríkjanna skyldu vera samtengd sem svarar til að lágmarki 10% raforkuparfar hvers lands í síðasta lagi árið 2020, sjá <http://bit.ly/1shT4bz>

# Hér má finna upplýsingar um mál sem eru í almennu samráðsferli hjá ESB <http://bit.ly/1n13j2J>

# Ástandið á ytri landamærum Schengen og innflytjendamál voru til umræðu á fundi dómsmálaráðherra ESB og EFTA ríkjanna 9.-10. október sl, sjá <http://bit.ly/1s4rBxE>

# Hinn 16. október sl. fór fram fundur heilbrigðisráðherra ESB-ríkjanna um samræmd viðbrögð við útbreiðslu ebólu. EFTA-ríkjunum fjórum var jafnframt boðið á fundinn, sjá inngangsræðu framkvæmdastjóra ESB fyrir heilbrigðismál:

<http://bit.ly/1F3N6FE>

Hinn 6. október sat iðnaðarráðherra fund orkumálaráðherra ESB og EES/EFTA-ríkjanna, sjá frekar:

<http://bit.ly/1sM24qq>

Í meðfylgjandi skjali er yfirlit um helstu gerðir sem samþykktar voru innan ESB á tímabilinu júní til og með september 2014 og varða EES-samninginn.

Yfirlit þetta er tekið saman til upplýsingar um EES-málefni og sent til utanríkismálanefndar Alþingis á grundvelli 8. gr. reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála.